



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar
Haraldur Sverrisson
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 14. mars 2022
Málsnr. 1501005/PBG/HH

Efni: Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – viðauki við samkomulag

Á 537. fundi stjórnar SSH, hinn 7. mars 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

1501005 - Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Framhald umræðu frá 536. fundi um framkvæmdir á skíðasvæðunum en samkvæmt bókun þess fundar var Samstarfsnefnd skíðasvæðanna í samráði við SSH falið að skoða og eftir atvikum að útfæra nýja uppfærða fjárfestingaáætlun m.v. fyrirbyggjandi gögn er m.a. snúa að stólalyftu í Skálafelli. Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra til samræmis við bókun á 400. fundi Samstarfsnefndar skíðasvæðanna og umræðu sem hefur átt sér stað á þeim vettvangi.

*Gestir
Ómar Einarsson*

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir fyrir sitt leyti framkomnar tillögur og felur framkvæmdastjóra að útbúa viðauka við samkomulag sveitarfélaganna um framkvæmdir á skíðasvæðunum sem sendur verði til efnislegrar umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Málið verði jafnframt kynnt í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Meðfylgjandi eru drög að Viðauka III við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018. Óskað er eftir því að þau verði tekin til efnislegrar umræðu og afgreiðslu og staðfestingar. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra sveitarfélagsins til undirritunar viðaukans.

Nánari skýringar á þeim breytingum sem viðaukinn felur í sér er þá að finna í meðfylgjandi minnisblaði Páls Björgvins Guðmundssonar, dags. 7. mars 2022. Breytingarnar, sem endurspeglast í fylgiskjali 1b með viðaukadrögum, felast helst í því að keypt verði ný stólalyfta í Skálafell, en ekki notuð eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu samkomulagi. Rökin fyrir því að kaupa nýja lyftu fremur en notaða eru nánar reifuð í meðfylgjandi minnisblaði VSÓ ráðgjafar, dags. 6. desember 2021. Er jafnframt lagt til, í nýrri framkvæmdaáætlun í fylgiskjali 1b með viðaukadrögum, að snjóframleiðslu í Bláfjöllum verði flýtt, aukið fjármagn lagt í uppbyggingu aðstöðu fyrir gönguskíðaiðkendum og uppbyggingu innviða. Þá er gert ráð fyrir



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

að framkvæmdum vegna toglyftu úr Kerlingardal og stólalyftu í Eldborgargili verði seinkað og verði samkomulagið uppfært síðar með tilliti til þeirra framkvæmda.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is sem fyrst. Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Drög að viðauka III við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á skíðasvæðunum ásamt fylgiskjali.

Minnisblað Páls Björgvins Guðmundssonar, dags. 7. mars. 2022.

Umræðupunktur SKRR á fundi með SSH/Samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

Minnisblað VSÓ ráðgjafar um stólalyftu í Skálafelli dags. 6. desember 2021. Trúnaðarmál.